

Notendaskilmálar Aktiva

18. apríl 2018

1. ALMENNT

Notendaskilmálar þessir gilda milli Aktiva lausna ehf. og notanda. Notandi er sá sem hefur samþykkt viðskiptaskilmála þessa og hefur verið samþykktur af Aktiva. Um viðskipti samkvæmt skilmálum þessum gilda lög um neytendalán nr. 33/2013, lög um fjarsölu á fjármálamarkaði nr. 33/2005, lög um fjarskipti nr. 81/2003 og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

2. SKILGREININGAR

- Lánveitandi** – Aktiva lausnir ehf., kt. 600214-1600, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hér eftir nefnt Aktiva eða lánveitandi.
- Vefgátt** – Vefþjónustuumhverfi á vefsíðu lánveitanda, www.aktiva.is þar sem notandi skráir sig inn á sitt svæði með notendanafni og lykilorði eða rafrænu skilríki. Þar getur lántaki sótt um lán og nálgast upplýsingar um stöðu lána, afborganir, áður tekin lán og fleira
- Lántaki** – Notandi, sem er einstaklingur, sem hefur fengið aðgang að vefgátt rekstraraðila og hefur stofnað til samningssambands með lánsamningi sem lántaki eða hefur sent inn lánsúmsókn.
- Lánsúmsókn** – Umsókn sem fyllt er út af notanda á vefgáttinni. Þar skráir umsækjandi á umsóknarform þær upplýsingar sem óskað er eftir til að hægt sé að veita honum umbeðin lánskjör sem að lokum eru staðfest með lánsamningi, komi til lánveitingar.
- Lánsamningur** – Lánsamningur sem komist hefur á milli lántaka og lánveitanda.
- Lánsfjárhæð/höfuðstóll láns** – Sú fjárhæð sem lántaki fær að láni hjá lánveitanda.
- Gjöld – lántökugjald sem** – sem lántaki greiðir skv. verðskrá lánveitanda.
- Gjaldfelling** – Hafi lántaki ekki staðið við endurgreiðslu láns samkvæmt greiðsluáætlun, 14 dagar eða fleiri liðnir frá eindaga og ekki hefur verið samið um greiðslu á vanskilum verður lánið gjaldfellt. Við gjaldfellingu ber lántaka að endurgreiða eftirstöðvar láns auk vaxta og kostnaðar.
- Rafræn undirskrift** - Undirskrift með rafrænu skilríki.
- Rafræn skilríki** – Rafræn skilríki eru persónuskilríki sem notuð eru til auðkenningar á internetinu. Það að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum á netinu jafngildir því að framvísa persónuskilríkjum. Rafræn skilríki er hægt að nota til fullgildrar undirritunar og jafngildir hún eigin undirritun. Rafræn skilríki er meðal annars hægt að fá hjá bönkum, sparisjóðum og símafyrirtækjum. 1 1Frekari upplýsingar um rafræn skilríki má finna á vef fjármálaráðuneytisins: <https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettir2014/Spurt-og-svarad-um-rafraen-skilriki.pdf>
- Þjónustunetfang lánveitanda** – aktiva@aktiva.is er þjónustunetfang lánveitanda.
- Viðskiptareikningur** – Lántaki verður að hafa viðskiptareikning í íslenskum banka, sem tengdur er aðgangi hans á vefgáttinni. Þangað verður lánsfjárhæð lögð inn.
- Tilvísunarnúmer** – Einkvæmt númer fyrir hvern og einn notanda til að hægt sé að auðkenna hann við innskráningu á vefgáttina.
- Fjárhæðir** – Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

3. ALMENNAR SKYLDUR NOTENDA

3.1 Notandinn skal:

3.1.1 skrá réttar upplýsingar við skráningu á vefgáttina og/eða við töku/veitingu lána.

3.1.2 gæta að því að þriðji aðili komist ekki yfir notendanafn hans og lykilorð til innskráningar á vefgáttina.

3.1.3 tilkynna lánveitanda hafi hann grun um að þriðji aðili hafi komist yfir notendanafn eða lykilorð til innskráningar á vefgáttina.

3.1.4 tilkynna lánveitanda um breytingar á uppgefnum upplýsingum sínum, svo sem um breytingu á heimilisfangi, netfangi eða símanúmeri.

3.2 Lánveitandi hefur heimild til að takmarka eða afturkalla leyfi notandans til að nota vefgáttina, hafna lánsúmsókn og/eða synja viðskiptum notanda ef í ljós kemur að:

3.2.1 Notandi hafi brotið ákvæði í notendaskilmálanum.

3.2.2 Notandi hafi veitt lánveitanda rangar, villandi og/eða ónákvæmar upplýsingar.

3.3 Eftirtaldir geta sótt um að vera notendur/aðilar að vefgáttinni:

3.3.1 Sem lántakar þurfa einstaklingar að hafa náð 21 árs aldri, vera fjárráða, með íslenska kennitölu og lögheimili á Íslandi.

3.4 Öll misnotkun verður kærð til lögreglu.

4. UMSÓKN UM LÁN

4.1 Eingöngu er hægt að sækja um lán með því að fylla út lánsúmsókn á vefgáttinni.

4.2 Lántaki skal taka fram í lánsúmsókn:

4.2.1 tilganginn með láninu;

4.2.2 lánsfjárhæð;

4.2.3 lengd láns í mánuðum talið;

4.2.4 aðrar upplýsingar sem kann að vera óskað eftir á lánsúmsóknarformi.

4.3 Lánskjör lántaka ákvarðast af lánshæfismati hans.

4.3.1 Vaxtaprósenta skal skilgreind með nákvæmni upp á tvo aukastafi eftir kommu.

4.4 Þegar lántaki hefur fyllt út lánsúmsóknarform fær hann sent í tölvupósti staðlað eyðublað með nauðsynlegum upplýsingum svo hann geti tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánsþingninginn. Á eyðublaðinu skal meðal annars koma fram heildarfjárhæð láns, gildistími lánsþingnings, lánskostnaður, endurgreiðslufjárhæð og árleg hlutfallstala kostnaðar.

4.5 Lánsúmsókn er ekki bindandi. Lántaki getur á hvaða tímapunkti sem er, þar til bindandi lánsþingningur er kominn á, dregið lánsúmsókn sína til baka.

4.6 Lánshæfismat

4.6.1 Áður en lánsþingningur er gerður ber rekstraraðila að meta lánshæfi lántaka í samræmi við 10. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013. Standist lántaki ekki matið er óheimilt að veita honum lán. Með lánshæfismati er leitast eftir að sannreyna getu lántaka til að efna lánsþingning.

4.6.2 Lánshæfismat skal byggja á viðskiptasögu milli lántaka og lánveitanda og/eða upplýsingum úr gagnagrunni um fjárhagsmálefni og lánstraust. Lánshæfismat felur ekki í sér greiðslumat.

4.6.3 Í þeim tilfellum sem engri viðskiptasögu er til að dreifa veitir lántaki lánveitanda heimild til að byggja mat sitt á upplýsingum úr gagnagrunni þriðja aðila um fjárhagsmálefni og lánstraust og/eða gögnum móðurfélags.

4.6.4 Með því að samþykkja skilmála þessa lýsir notandi því yfir að hann samþykki að lánveitandi hafi heimild til að afla framangreindra upplýsinga í samræmi við 1. tl. 8. gr. laga um persónuvernd og persónuupplýsingar nr. 77/2000, sbr. 7. tl. 2. gr. laganna.

4.7 Réttur lántaka til að falla frá lánsþingningi:

4.7.1 Lántaki hefur 14 almanaksdaga til að falla frá lánsþingningi án þess að tilgreina ástæðu. Fresturinn hefst þann dag sem lánsþingningur er gerður.

4.7.2 Ef lántaki nýtir sér rétt sinn til að falla frá þingningi skal hann:

4.7.2.1 tilkynna rekstraraðila það fyrir þau tímamörk sem fjallað er um í grein 5.7.1, með sannanlegum hætti. Frestur telst hafa verið virtur ef tilkynning er send áður en fresturinn rennur út, á pappír eða öðrum varanlegum miðli sem rekstraraðili hefur aðgang að, svo sem á tölvupóstfangið aktiva@aktiva.is

4.7.2.2 greiða rekstraraðila höfuðstól láns, áfallna vexti og verðbætur, sé um slíkt að ræða, frá því lánsfjárhæðin var greidd til lántaka og til þess dags þegar höfuðstóll er endurgreiddur, án óparfa tafa og eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir að hann sendi rekstraraðila tilkynningu um að hann hyggist falla frá þingningi. Reikna skal vexti á grundvelli þeirra útlánsvaxta sem þingningur kveður á um.

4.8 Með því að samþykkja skilmála þessa veitir lántaki rekstraraðila heimild til að sækja upplýsingar hjá Creditinfo svo sem lánshæfismat, upplýsingar úr vanskilaskrá og öðrum gagnagrunnum sem félagið rekur, enda byggji slíkt á lögvörðum hagsmunum rekstraraðila. Hluti upplýsinga frá Creditinfo byggir á samkeyrslu gagna og geta innihaldið sögulegar upplýsingar um þróun vanskila og lánshæfismats. Lántaki samþykkir að slíkar upplýsingar séu notaðar við ákvörðunartöku í tengslum við viðskipti, eftirlit í tengslum við slík viðskipti, boð um kjör og í öðrum þeim tilvikum þegar rekstraraðili hefur lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga. Að sama skapi veitir lántaki heimild til þess að innheimtuaðilar er sjá um innheimtur vanskilakrafna fyrir rekstraraðila hafi heimild að sækja fyrrnefndar upplýsingar til Creditinfo enda byggji slíkt á lögvörðum hagsmunum rekstraraðila. Lántaki heimilar rekstraraðila að miðla skráðu netfangi sínu til Creditinfo vegna uppflettingar á lánshæfismati og að Creditinfo geti sent tilkynningu með tölvupósti þess efnis til lántaka. Allar nánari upplýsingar um hlutaðeigandi upplýsingar

4.9 Kveðið er á um reglur um persónuvernd í 9. grein skilmálanna.

5. LÁNSSAMNINGUR

5.1 Lánveitandi getur:

5.1.1 samþykkt lánsúmsókn og gert lánsamningi enda uppfylli úmsóknin að öðru leyti skilyrði lánveitanda fyrir lánveitingu.

5.1.2 hafnað lánsúmsókn.

5.1.2.1 ef lánsúmsókn er hafnað á grundvelli uppflettingar í gagnagrunni ber rekstraraðila að upplýsa lántaka þegar í stað um það honum að kostnaðarlausu, sem og að veita honum upplýsingar um þann gagnagrunn sem leitað var í.

5.2 Lánsamningur verður bindandi þegar lántaki hefur skrifað undir með rafrænni undirskrift. Lánveitandi skal birta lántaka afrit lánsamnings á vefgáttinni frá þeirri stundu sem lánsamningurinn tekur gildi.

5.3 Lánveitandi greiðir höfuðstól láns að úmsýslugjöldum frádragnum á fyrirfram skilgreindan viðskiptareikning lántaka þegar kominn er á bindandi lánsamningur.

5.4 Lánsfjárhæðin ásamt vöxtum og öðrum kostnaði skal endurgreiðast af lántaka til lánveitanda í samræmi við þá skilmála og skilyrði sem koma fram í lánssamningnum. Vextirnir reiknast af lánsfjárhæðinni frá þeirri dagsetningu sem lánsfjárhæð er greidd inn á reikning lántaka.

5.4.1 Vextir verða hluti af hverri afborgun láns svo sem greinir í greiðsluáætlun. Vextir reiknast daglega og er notast við reikniregluna ACT/365 (tímabil vaxta og 365 dagar í ári). Greiddir eru vextir frá þeim degi sem lánsfjárhæð er greidd á bankareikning lántaka.

6. ENDURGREIÐSLA LÁNS, UPPGREIÐSLA OG VANSKIL

6.1 Lántaki skuldbindur sig til að endurgreiða lánveitanda höfuðstól láns ásamt vöxtum og kostnaði. Gjaldþagi afborgana er 25. hvers mánaðar og eindagi 1. dag næsta mánaðar á eftir.

6.1.1 Vextir verða hluti af hverri afborgun láns svo sem greinir í greiðsluáætlun. Vextir reiknast daglega og er notast við reikniregluna ACT/365 (tímabil vaxta og 365 dagar í ári). Aðeins eru greiddir vextir fyrir það tímabil sem fjármunirnir eru notaðir, eða frá þeim degi sem lánsfjárhæðin er færð yfir á bankareikning lántaka.

6.2 Lántaka er, hvenær sem er, heimilt að greiða lán að fullu, án uppgreiðslugjalds. Lántaki skal tilkynna lánveitanda um fyrirhugaða uppgreiðslu með tveggja virkra daga fyrirvara.

6.3 Lánveitandi mun stofna kröfu í netbanka lántaka fyrir hvern gjaldþaga láns ásamt vöxtum og kostnaði. Óski lántaki eftir að greiða lán upp mun lánveitandi stofna kröfu í netabanka hans fyrir eftirstöðvum láns auk vaxta og kostnaðar.

6.4 Greiði lántaki ekki afborgun, vexti og kostnað af láni á eindaga reiknast vanskilavextir eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands hverju sinni, frá gjaldþaga til greiðsludags.

6.5 Á meðan lántaki er í vanskilum áskilur lánveitandi sér rétt til að hafna frekari lánveitingum þar til gjaldfallin skuld er að fullu uppperð.

6.6 Lánveitandi áskilur sér rétt til að krefja lántaka um útlagðan kostnað og gjöld sem rekstraraðili verður fyrir við innheimtu gjaldfallinnar skuldar. Við innheimtu krafna er farið eftir innheimtulögum nr. 95/2008 og reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. nr. 37/2009.

6.7 Lántaki sem er í vanskilum veitir lánveitanda heimild til að óska skráningar á vanskilaskrá Creditinfo hafi vanskil verið viðvarandi í að minnsta kosti 40 daga frá eindaga, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

6.8 Lánveitandi áskilur sér rétt til að hafa samband við lántaka, hvort sem er með símtali, sms-skeyti, tölvupósti eða með bréfpósti, vegna vanskila og nota í þeim tilgangi þær upplýsingar sem notandi skráir á vefgáttina.

6.9 Greiði lántaki ekki afborgun af láni á eindaga verður skuldin send í frekari innheimtu sem hefur í för með sér stórauðinn kostnað fyrir lántaka.

6.10 Sé lán í vanskilum, 14 dagar eða fleiri liðnir frá eindaga, og ekki hefur verið samið um greiðslu á vanskilunum verður lánið gjaldfellt. Við gjaldfellingu ber lántaka að greiða eftirstöðvar láns auk vaxta og kostnaðar.

7. PERSÓNUUPPLÝSINGAR

7.1 Lánveitandi skal eingöngu óska eftir þeim persónuupplýsingum sem eru nauðsynlegar til að þjónusta lántaka eða lög eða reglur kveða á um að afla sé. Sama á við um þær persónuupplýsingar sem lánveitandi aflar um viðskiptavini sína hjá opinberum aðilum, s.s. þjóðskrá. Upplýsingar skulu eingöngu notaðar í þeim tilgangi sem þeirra var aflað. Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga er gerð í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lög nr. 81/2003 um fjarskipti. Þær persónuupplýsingar sem berast til Aktiva Netgíró eru skráðar rafrænt í gagnagrunn félagsins. Lántaki samþykkir að Aktiva noti kennitölu hans sem ígildi

notandanafns í tölvukerfi og gagnagrunni félagsins. Allar persónuupplýsingar sem skráðar eru í gagnagrunn Aktiva eru dulkóðaðar.

7.2 Gagnagrunnur Aktiva heldur með rafrænum hætti hætti utan um upplýsingar um viðskiptavinum, viðskipti þeirra og samskipti milli þeirra og Aktiva. Þá heldur gagnagrunnurinn utan um samninga sem viðskiptavinir gera við Aktiva. Að lágmarki er haldið utan um gögn í 7 ár eftir að viðskipti eiga sér stað. Með þeim gögnum sem að ofan greinir hefur Aktiva heimild til að greina kauphegðun viðskiptavinar í þeim tilgangi að veita betri þjónustu til að mynda með tilboðum, markpósti eða sambærilegu efni.

7.3 Lántaki samþykkir sérstaklega að símtöl milli Aktiva og lántakar kunni að verða hljóðrituð án þess að þess sé sérstaklega getið í upphafi hvers símtals. Tilgangur með hljóðritunum símtala er að varðveita heimildir um samskipti milli aðila. Upptökur fara fram samkvæmt heimild í 48. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Aktiva ábyrgist ekki að öll símtöl verði hljóðrituð.

7.4 Með samþykki á skilmálum þessum veitir lántaki Aktiva fullt umboð til að kalla, eftir þörfum, eftir upplýsingum um lánshæfismat sitt hjá Creditinfo. Lánshæfismat spáir fyrir líkum á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, svo sem upplýsingum úr vanskilaskrá, hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl.. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, svo sem um stöðu vanskila og lánshæfismats. Samkvæmt lögum nr. 33/2013 um neytendalán er lánveitendum skylt að meta lánshæfi umsækjenda áður en lánsamningur er gerður. Nánari upplýsingar um lánshæfismat Creditinfo má finna á www.creditinfo.is

7.5 Með samþykki á skilmálum þessum samþykkir viðskiptavinur og heimilar að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í þeim tilgangi að ákvarða hámark lánsfjárhæða hjá Aktiva og móðurfélagi þess, Netgíró hf., og til að uppfæra umræddar fjárhæða, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti enda hafi Aktiva lögvarða hagsmunum af notkun umræddra upplýsinga skv. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Viðskiptavinur veitir þeim innheimtuaðilum sem sjá um innheimtu vanskilaskrafna fyrir Aktiva heimild til að sækja fyrrnefndar upplýsingar til Creditinfo, enda byggji slíkt á lögvörðum hagsmunum Aktiva.

7.6 Viðskiptavinum er heimilt að afturkalla samþykki þetta og skal slík afturköllun taka gildi 30 dögum eftir að Aktiva hefur sannanlega móttengið slíka afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar viðskiptasambandi aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Aktiva heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma hér að ofan. Afturkalli viðskiptavinur samþykki þetta getur Aktiva hafnað honum um frekari viðskipti.

7.7 Viðskiptavinur heimilar Aktiva að miðla skráðu netfangi sínu til Creditinfo vegna uppflettinga á lánshæfismati og að Creditinfo geti sent tilkynningu með tölvupósti þess efnis til viðskiptavinar. Allar nánar upplýsingar um hlutaðeigandi upplýsingar Creditinfo sem kunna að vera notaðar af Aktiva, má finna á <http://www.creditinfo.is>.

7.8 Aktiva lausnir ehf. eru í eigu Netgíró hf. og því kunna upplýsingar/gögn, t.a.m vegna vanskila, að vera samkeyrð milli félaganna.

8. MARKAÐSEFNI

8.1 Aktiva er heimilt að nota þær persónuupplýsingar sem að ofan greinir fyrir markaðs- og viðskiptakannanir, til að greina neysluhegðun lántaka og vegna aðgerða sem draga úr áhættu viðskipta. Aðgerðir sem draga úr áhættu leiða til hærra gæðamats. Skriflegar beiðnir um það hvernig Aktiva meðhöndlar persónuupplýsingar og beiðnir um leiðréttingar á þegar uppgefnum persónuupplýsingum sendist til Aktiva á netfangið aktiva@aktiva.is.

8.2 Aktiva er heimilt að senda viðskiptavinum sínum markpóst og annað markefni sem viðskiptavinum er heimilt að afþakka með tilkynningu þar að lútandi.

9. SAMSKIPTI OG MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR

9.1 Við staðfestingu skráningar skuldbindur lántaki sig að hlíta þeim kjörum og skilmálum sem gilda um þjónustu Aktiva á hverjum tíma. Verði breytingar á upphaflegri skráningu, t.d. á heimilisfangi, símanúmeri eða netfangi, skal lántaki breyta upplýsingum á vefgátt á www.aktiva.is eða tilkynna breytingu til Aktiva með því að hafa samband við þjónustuver. Jafnframt hefur Aktiva heimild til að sækja slíkar upplýsingar til Þjóðskrár. Verði dráttur á tilkynningu um breytingu eða ef breytingar berast ekki til Aktiva getur Aktiva ekki ábyrgst að tilkynningar berist viðskiptavinum á tilsettum tíma.

9.2 Undir tilkynningar frá Aktiva falla meðal annars staðfestingar á breytingum viðskiptavina, tilkynningar varðandi samningsskilmála, breytingar á þeim og breytingar á verðskrá. Aktiva er frjálst að senda tilkynningar til viðskiptavina með öðrum hætti en rafrænum pósti, s.s. bréfpósti og smáskilaboðum (SMS og „push notifications“).

9.3 Lántaki staðfestir að honum sé ljóst að notkun tölvupósts og annarra rafrænna samskiptaleiða getur fallið í sér áhættu, að slík samskiptaleið tryggi ekki leynd eða öryggi samskipta. Aktiva ber enga ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir vegna þess að framangreindar samskiptaleiðir voru notaðar. Þjónustuver Aktiva framkvæmir reglulega áreiðanleikakannanir viðskiptavina með því að fylgja þöntunum eftir með símtali eða tölvupósti.

10. INNSKRÁNING Á VEGGÁTTINA, AUFKENNING OG SAMÞYKKI VIÐSKIPTA

10.1. Við fyrstu skráningu á vefgátt lánveitanda skráir lántaki kennitölu, netfang og símanúmer sitt og staðfestir að lokum skráningu með rafrænni undirritun. Lántaki fær þá sendan tölvupóst til staðfestingar skráningu.

10.2 Lántaki fær sendan tölvupóst á fyrirfram skilgreint tölvupóstfang sitt við innskráningu á vefgáttina. Tölvupóstur telst mótttekinn 24 klukkustundum eftir að hann er sendur.

10.3 . Lántaki verður að hafa rafrænt skilríki til auðkenningar og til að geta skrifað undir skjöl í vefgáttinni.

10.4 Við innskráningu á vefgáttina þarf lántaki að slá inn notandanafn og lykilorð.

11. GJÖLD OG ÞÓKNUN

11.1 Lántaki greiðir fyrir þjónustu lánveitanda samkvæmt [verðskrá](#).

12. ÁBYRGÐ LÁNTAKA OG SKAÐABÓTASKYLDA

12.1 Lántaki sem leggur fram rangar upplýsingar ber ábyrgð á því tjóni sem lánveitandi kann að verða fyrir vegna þess.

12.2 Lántaki er ábyrgur fyrir því tjóni og/eða tapi sem kann að stafa af því að hann hafi veitt þriðja aðila aðgangsupplýsingar sínar að vefgáttinni. Þá er notandi ábyrgur fyrir þeim gjörðum sem þriðji aðili framkvæmir á vefgáttinni.

12.3 Lánveitandi er ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgur fyrir réttmæti þeirra upplýsinga sem lántak leggur fram.

12.4 Lánveitandi ber ekki ábyrgð á;

12.4.1 réttmæti þeirra gagna sem lögð eru fram af lántaka;

12.4.2 brotum á samningnum eða ólögumætri hegðun notanda;

12.4.3 skuldbindingum lántaka samkvæmt lánssamningum;

12.5 Lántaki ber alltaf ábyrgð vegna vísitandi brota á skilmálum þessum.

12.6 Öll misnotkun verður kærð til lögreglu.

13. BREYTING Á SKILMÁLUM

13.1 Rekstraraðili áskilur sér rétt til breytinga á skilmálum þessum. Allar breytingar sem ekki eru til hagsbóta fyrir lántaka verða tilkynnar til með minnst 7 daga fyrirvara fyrir gildistöku þeirra.

13.2 Í tilkynningu lánveitanda til lántaka um breytingu á skilmálum skal taka fram í hverju breytingarnar felast og á rétti lántaka til að hætta viðskiptum við rekstraraðila. Við lántöku eftir að breyttir skilmálar hafa tekið gildi telst lántaki hafa samþykkt breytta skilmála.

13.3 Birting breyttra skilmála með tilkynningu til lántaka á uppgefið tölvupóstfang þeirra telst nægileg tilkynning. Tilkynning send lántaka á uppgefið tölvupóstfang telst móttekin 24 klukkutímum eftir að hún var send.

14. LOKAÁKVÆÐI

14.1 Vefgáttin, vefsíða lánveitanda og höfundarréttur að innihaldi/efni hennar heyra undir hann. Lántaki hefur ekki rétt á að vista, taka afrit, breyta, millifæra, áframsenda eða birta síður á vefgáttinni nema til eigin nota.

14.2 Lánveitandi ber ekki ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem kann að orsakast af tæknilegum bilunum eða villum í hugbúnaði, stýrikerfum, netkerfum, fjarskiptakerfum, rofi eða truflunum á slíkum kerfum, rafmagnsleysi, bilunum og truflunum í tækjum og vélbúnaði hvort sem slíkur búnaður er í eigu rekstraraðila, notaður af rekstraraðila eða af hálfu annarra. Lántaki getur ekki krafist lánveitanda um bætur vegna tjóns, beins eða óbeins, vegna sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanets hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna, sbr. 40. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Ef þau tilvik sem að ofan greinir koma í veg fyrir að lánveitandi geti staðið við skyldur sínar við notendur vefsíðunnar skal skylda lánveitanda frestast þar til framangreindu ástandi léttir. Ef framangreint ástand leiðir til þess að ekki er hægt að inna af hendi greiðslur eða taka við greiðslum í samræmi við samningsskyldur, skulu hvorki notendur né rekstraraðili þurfa að greiða vexti vegna þess að greiðslur frestast.

14.3 Aðilar eru sammála um að reyna að jafna ágreining sem kann að rísa í tengslum við efni samnings, efndir hans eða annað, sín á milli. Takist það ekki skal leggja ágreining þar að lútandi fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Um samning aðila gilda íslensk lög.

14.4 Notendaskilmálar þessir taka gildi við samþykki notanda og gilda á meðan réttarsamband varir milli aðila. Skilmálar þessir gilda frá 18. apríl 2018.